

# Framlífið og Vísindin.

## I.

Galli þykir mér það á hinni annars gáfulega rituðu bók séra Jakobs Jónssonar, Framhaldslíf og nútímabekking, að þar er að engu getið þess sem eg hefi lagt til þeirra mála. En þó skiftir það nokkru. Eg hefi fyrstur manna haldið því fram, að svefninn er sambandsástand, í eðli sínu náskyld sambandsástandi hins svonefnda andamíðils (trance eða trans), og hættir þá það ástand að vera eins óskiljanlegt og sérstætt og áður. Einnig hefi eg bent á, að lífið eftir dauðann er í aðalatriðum sama eðlis og lífið eins og vér þekkjum það hér á jörðu, en ekki eitthvert andalíf í öðrum heimi. Á ensku: Survival is a biological affair. Lífið eftir dauðann heyrir undir náttúrufræðina. Það er ekki eingöngu andlegt líf heldur nær framlífið einnig til organismans, líkamans. Tilgangur lífsins er fullkominn líkami, fullkomið verkfæri andans, og dauði líkamans stafar eingöngu af því hversu ófullkominn hann er; en þó að líkaminn deyi, lifir tilhneigingin til að endurskapa hann. Og endurvaxtarmegund-

in, regenerationin, er miklu viðtækari en haldið hefir verið. Er um þetta nokkuð líkt og þegar það fanst, að þetta sem orsakar þyngd hlutanna og fail til jarðar, er alheimsorka, sem einnig stýrir hreyfingum himinhnattanna. Eru framfarir þessar í líffræði náskyldar framförum þeim sem áður hafa orðið á öðrum sviðum náttúrufræðinnar, og miða til að auka skilninginn á sambengi hluta og viðburða í alheimi.

## II.

Í meir en 20 ár hefi eg verið að leitast við að kynna mér það sem ritað hefir verið um lífið eftir dauðann. Er það flestalt mjög ómerkilegt, þegar þess er gætt hversu viðfangsefnið er stórkostlegt. Sumt það allramerkilegasta sem ritað hefir verið um það efni er nálega 200 ára gamalt. Á eg þar við rit Swedenborgs de Coelo et Inferno (Um Himnaríki og Helvíti). Framfaraleysið á þessu sviði er sérstaklega eftirtektarvert, ef vér berum það saman við framfarirnar sem orðið hafa í náttúrufræði. Jafnvel það allrabesta sem ritað var fyrir 200 árum um dýrafræði og grasafræði t. d., er nú fyrir löngu úrelt orðið. Og ekki getur vafi á því leikið af hverju framfaraleyssi það sem eg mintist á stafar. Menn hafa verið og eru svo sannfærð-

ir um að lifið eftir dauðann sé lif í andlegum heimi, og sú hugsun hefir verið mönnum svo fjarri, að það sem í þessum efnu- um er þörf á, er að færa út lif- fræðina, auka þekkinguna á náttúrunni. Eum kemur það til greiða, að á síðari tímum hafa svo margir verið sannfærðir um, að ekki geti verið um neitt lif eftir dauðann að ræða; og jafnvel trúmennirnir hafa ekki getað losnað alveg viðefasemdir, svo að áhugi þeirra hefir fyrst og fremst snúist að því að fá fullar sannanir fyrir því að nokkurt framlif sé til, en hitt hafa þeir lítið hirt um, að reyna að rann- saka eða öðlast skilning á því, hvers eðlis framlifið sé. En þó að rit þau sem til eru um lifið eftir dauðann, séu ekki merkileg hjá því sem vera þyrfti og verið gæti, þá má samt ýmsan árið- andi fróðleik í þau sækja, ef þau eru nógu vandlega lesin. Fyrst og fremst geta þau veitt alveg örugga vitneskju um, að það er til lif eftir dauðann — því að jafnvel margar vitleys- urnar sem í þessum ritum standa, eru þess eðlis, að enginn mundi slíkt rita frá eigin brjósti — og enn fremur má þar öðlast ýmiskonar áriðandi fróðleik um það, hvernig framlifinu er lifað. Swedenborg getur þess, að engl- arnir — er hann nefnir svo — hafi sagt sér, að þeir lifi í efnis- heimi; en hann trúði þeim ekki,

fremur en Heródot sjómönnun- um sem sögðu, að hádegisstað- ur sólar hefði verið í norðri, þegar þeir sigldu suður um Afríku. Oft kemur mjög greini- lega fram löngun hinna fram- liðnu til að geta sagt oss, sem hér á jörðu lifum, frá lifinu eft- ir dauðann, og hversu áriðandi það er, að vér séum ekki ófróðir um það. Og oft má ráða talsvert í, hvað það er sem verið er að reyna að segja frá, og hvers- vegna það hefir aflagast svo í meðförunum. Ef til vill getur það orðið einhverjum til hugar- styrkingar að eg geti þess, að ekki er til hjá mér nokkur minsta efasemd um að lifið heldur áfram eftir dauðann, og að vissa þessi er runnin af vís- indalegum rökum. Og ekki nóg þar með. Eg er óbifanlega sann- færður um að lifið eftir dauð- ann er líkamlegt og jarðneskt, sannarlegt framhald af lifinu hér á jörðu, upp á við eða niður á við, eftir því hvernig hér hef- ir stefnt verið.

### III.

Rit Guðmundar Davíðssonar á Hraunum — móðurbróður Dav- íðs skálds Stefánssonar — er hann nefnir Íslendingabygð á öðrum hnetti, hygg eg sé, að verulegu leyti, merkilegasta lýs- ingin á lifinu eftir dauðann, sem enn hefir komið fram. En að visu ræður þar aðeins um fram- lif á byrjunarstigum, og lítill

sigldara miklu en seinna verður. Væri þess óskandi, að Guðmundi auðnaðist að gefa oss framhald af því verki. Mun alt verða miklu auðveldara í þeim efnum þegar almenn-ingur hefir eignast réttar hugmyndir um undirstöðuatriði þessa máls. Ætti það að vera eitt aðalhlutverk kirkjunnar, að veita nauðsynlegustu fræðslu um lífið eftir dauðann, og væri engin hætt á að ekki yrði góð aðsókn að kirkjunum, ef menn ættu þar von á að fá örugga vitneskju um það, hvað viðtekur þegar lífinu hér á jörðu lýkur, og hvernig helst verður hjá því komist, að lenda í villum og vandræðum á hinn stórkostlegu framleið sem þá opnast. En eigi þetta að geta orðið, þarf þó kirkjan að verða talsvert íslenskari stofnun en verið hefir ennþá.

#### IV.

Fyrir skömmu hefi eg eignast bók um framlífið sem vel væri þess verð að frá henni væri sagt rækilega. Og get eg að visu ekki komið því við að sinni, en vil þó geta hennar að nokkru. Lýsing þessi á framlífinu — Ego-land er hún kölluð — er sögð runnin frá hinum ágæta stjórnufræðingi og rithöfundu Camille Flammarion. Og hygg eg að visu að þetta sé satt, og er þó mikið af bókinni bullkent mjög og frætt að ein einasta

setning sé þar eins og Flammarion hefir til stefnt. En ekki óviða virðist mér mega fara nokkuð nærri um, hvað það er sem hinn ágæti framlíðni stjórnufræðingur hefir ætlast til að ritað væri. Hann getur þess, að þegar yfirum kom hafi sér verið mikill áhugi á að halda áfram rannsóknum þeim sem hann hafði stundað af svo mikilli snild meðan hann lifði hér á jörðu, og hafi hann fyrst leitast við að fá vitneskju um það hvort til séu fleiri sólar en ein. Nú er enginn vafi á, að þetta getur ekki verið rétt. Flammarion sem mátti teljast undrabarn að fróðleiksfýsn og náms-hæfileikum, mun undireins í barnaskólanum hafa öðlast þá vitneskju, að sól vor er aðeins ein af mörgum. En hinsvegar er auðvelt að giska á, við hvað muni vera átt. Flammarion skrifaði mjög ungur bók þar sem hann hélt því fram, að til mundu vera í alheimi margar jarðir, sem byggðar væru mannkynjum líkt og vor jörð. Bók þessari sem heitir La Pluralité des Mondes habités, kyntist eg (í danskri þýðingu) þegar eg var á 16. ári, og fanst að vonum mikið um. Og virðist ekki ólíklegt, að höfundur þeirrar bókar hafi byrjað á að rannsaka einmitt þetta efni, þegar hann var, eftir dauða sinn, kominn þar fram, sem svo miklu auðveldara

*Uaf y fra*

er um slíkar rannsóknir en hér á jörðu. Hann er spurður, hvort staðurinn þar sem menn lifa eftir dauðann, sé líkur jörðinni, og svarar á þá leið, að svo sé að öllu leyti; og er það vafalaust rangt haft eftir, en það sem til var stefnt frá Flammarrions hendi, það, að koma frá þeim fróðleik, að einnig framlífið, lífið eftir dauðann, sé jarðneskt líf, eins og það sem vér lifum hér á jörðu. Á einum þeim stað, þar sem réttast mun vera eftir honum haft, segir hinn ágæti stjörnufræðingur, að tilgangur sinn með því að framleiða þessa bók, sé sá, að fullvissa menn um, að eftir dauðann biði þeirra ekkert sem sé frábrugðið því er þeir áttu að venjast hér á jörðu. Er það næsta trúlegt, að Flammarrion hafi verið hugleikið mjög að reyna að fræða mannkynið um hið sanna eðli lífsins eftir dauðann, og gefur hann í skyn, eins og eg hygg fullkomlega rétt vera, og hefi lengi haldið fram, að afleiðing slikrar þekkingar muni verða mjög stórkostleg breyting til batnaðar á lífinu hér á jörðu.

13. mars.

**Helgi Pjeturss.**

U, 9/19. 3. 28